



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Guðbjörg Gunnarsdóttir <gudbjorg@umhverfisstofnun.is>
Re: FW: Dyrhólaey-flugleið
Sent: 03.09.2018 16:01:27 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018090001, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018090001

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 31. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Profilm um leyfi til kvikmyndatöku úr þyrlu við Höfða í Mývatnssveit, sem er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, og jafnframt er sótt um leyfi til kvikmyndatöku úr þyrlu / flugvél við Dyrhólaey þar sem hugsanlega verður flogið í gegnum Dyrnar í Dyrhólaey.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að flug við Dyrhólaey verði heimilað á þessum tíma árs enda telur stofnunin ekki líklegt að það hafi áhrif á fuglalíf í eynni. Hvað flugöryggismál snertir s.s. flug í gegnum Dyrnar í Dyrhólaey þá heyrja slík mál ekki undir hlutverk Náttúrufræðistofnunar. Engu að síður vill stofnunin benda á að það getur gefið slæmt fordæmi ef mælt er með flugi sem af getur skapast hættu innan friðlýsts svæðis.

Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að gefið sé leyfi fyrir kvikmyndatöku innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár á þessum tíma árs þar sem notuð er þyrla og henni heimilað að fljúga neðar en 500 fet og allt niður í 20 metra. Mikið af fugli er enn á svæðinu og færir hann sig til eftir því hvar æti er að finna. Um rætt svæði er eitt af aðal svæðum húsandar og ekki hægt að sjá fyrir hvort mikið eða lítið verður af fugli á svæðinu þann dag sem áætlað er að kvikmynda. Náttúrufræðistofnun telur því að ekki eigi að heimila aðgerðir innan verndarsvæðis, s.s. öflun kvikmyndaefnis fyrir skemmtisýningar, sem geta haft neikvæð áhrif á velferð fugla eða annað lífríki.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Guðbjörg Gunnarsdóttir <gudbjorg@umhverfisstofnun.is>
Date: 08/31/2018 04:05:53 PM
To: "trausti@ni.is" <trausti@ni.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Subject: FW: Dyrhólaey-flugleið

Komdu sæll Trausti.

Óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna kvikmyndatöku úr þyrilu við Mývatn og Dyrhólaey. Í viðhengi er umsókn frá umsjónarmönnum verkefnisins og myndir af flugleiðum auk bréfs frá Umhverfisstofnun.

Bestu kveðjur, Best regards

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið samþættingar, Department of Integration

tolvupostur-signature.png